



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

VIÐTALSÞÁTTUR CNN MEÐ FORSETA ÍSLANDS

Alþjóðasjónvarpsstöðin CNN mun um helgina senda út þátt um framtíð orkumála og er viðtal við Ólaf Ragnar Grímsson forseta Íslands meðal helstu efnisatriða þáttarins. Charles Hodson, einn helsti fréttapular CNN, tók viðtalið við forseta á Bessastöðum í aprílmánuði en þá kom sérstakt tókulið frá CNN til landsins og safnaði ítarlegu myndefni um Ísland.

Þátturinn ber heitið Principal Voices og verður sýndur á heimsrás CNN fjórum sinnum um helgina: laugardaginn 21. júní kl. 6 að morgni að íslenskum tíma og svo kl. 14 og kl. 19 síðdegis; sunnudaginn 22. júní verður þátturinn sýndur kl. 6 að morgni að íslenskum tíma.

20. júní 2008

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).